**ÍSAN1GA05**

Fjölbrautaskóli Suðurlands — Íslenska sem annað tungumál - grunnáfangi

Vorönn 2025

| | |
|---|---|
| Kennari: | **Sigþrúður Harðardóttir** |

**Áfangalýsing:**

Grunnáfangi íslensku fyrir nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku og/eða eru með erlendan bakgrunn. Áhersla lögð á alla þætti tungumálsins samkvæmt Evrópska tungumálarammanum (skilningur, talað mál, ritun) og sérstök áhersla lögð á að auka orðaforða. Viðfangsefni tengjast daglegu lífi og fjölbreyttar leiðir farnar til að ná markmiðum áfangans. Lesnir vera stuttir lestextar og sögur, hlustun, farið í einfalda ritun og kynningu á grunnþáttum íslenskrar málfræði.

**Undanfari:** . Áfanginn er fyrir byrjendur og þá sem litla kunnáttu hafa í íslensku.

**Þekkingarviðmið**

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- orðaforða sem tengist daglegu lífi og athöfnum
- algengustu orðflokkum og einföldum beygingum
- hugtökum og heitum í nærumhverfi, andheitum og samheitum

**Leikniviðmið**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa einfaldan texta með réttum framburði og áherslum
- greina lykilatriði og innihald stuttra texta s.s. frétta
- beita einföldum málfræðireglum í talmáli og einfaldri ritun

**Hæfniviðmið**

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tjá sig munnlega og skriflega á einfaldri íslensku
- nota íslenskt mál í námi sínu og verkefnavinnu
- fara eftir munnlegum og skriflegum leiðbeiningum

**Námsefni:**

- Jæja 1 - námsefni frá IÐNÚ
- Verkefnablöð frá kennara
- Fréttir og blaðagreinar
- Kæra dagbók – námsefni frá MMS
- Námsefni af vef

**Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:**

| Dagsetning | Námsefni og viðfangsefni | Próf og verkefni |
|---|---|---|
| 15. janúar - 7. febrúar | Kynning.<br>✓ Unnið með, stafrófið, tölur, afmæli, klukkuna o.fl.<br>✓ Dagar, mánuðir, árstíðir<br>✓ Eintala fleirtala<br>✓ Matur og drykkur<br><br>Hlustun, málfræði, lesskilningur, ritun | Ritunarverkefni<br>Munnleg kynning<br>Hlustunarverkefni<br>Málfræðiverkefni |
| 10. febrúar- 7. mars | ✓ Einföld samtöl og kveðjur<br>✓ Líkaminn, útlit, heilsa<br>✓ Heimili og húsbúnaður<br><br>Hlustun, málfræði, lesskilningur, ritun | Ritunarverkefni<br>Munnlegt próf<br>Hlustunarpróf<br>Málfræðiverkefni |
| 10. mars- 11. apríl | ✓ Landið mitt (skrifleg og munnleg kynning)<br>✓ Ísland og náttúran<br>✓ Ferðalög og ferðamátar<br><br>Hlustun, málfræði, lesskilningur, ritun | Munnleg og skrifleg landkynning |
| 22. apríl - 15. maí | ✓ Starfsheiti og starfsumsóknir (eyðublöð)<br>✓ Frítími og tómstundir<br>✓ Fatnaður<br>✓ Afþreying (kaffihús, samfélagsmiðlar)<br><br>Hlustun, málfræði, lesskilningur, ritun<br><br>Ekkert lokapróf en öllum verkefnum þarf að vera lokið með lágmarkseinkunn | Ritunarverkefni - Skrifa starfsumsókn<br><br>Munnlegt próf<br>Hlustunarpróf<br>Málfræðiverkefni |

**Sérreglur áfangans:** Ekki er lokapróf úr áfanganum. Verkefni verða lögð fyrir úr öllum helstu námsþáttum og fer matið fram jöfnum höndum alla önnina.

**Námsmat (skilaverkefni):**
Talað mál og hlustun: 25%
Lesskilningur: 25%
Ritun: 25%
Skilaverkefni *Landið mitt:* 15%
Ástundun, vinnusemi, vinnulag: 10%

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**
Selfossi, janúar 2025
Sigþrúður Harðardóttir